



ÁFORM UM LAGASETNINGU

– sbr. samþykkt ríkisstjórnar frá 10. mars 2017, 1.-4. gr.

Málshæiti og nr.	Frumvarp til laga um breytingu á lögum um menningarminjar, nr. 80/2012
Ráðuneyti /verkefnisstjóri	Umhverfis-, orku- og loftslagsráðuneyti
Innleiðing EES-gerðar?	<input type="checkbox"/> Já <input checked="" type="checkbox"/> Nei
Dags.	28. júní 2022

A. Úrlausnarefni

1. Forsaga máls og tilefni

Tilefni þessa er endurskoðun á aldursfriðunarákvæði fornleifa í lögum um menningarminjar nr. 80/2012, svokölluð 100 ára regla. Við setningu laga nr. 80/2012 miðaði aldursfriðun við árið 1912 samkvæmt áðurnefndri reglu. Hefur viðmiðið færst nær í tíma ár hvert eftir það, eðli máls samkvæmt, og miðar nú við árið 1922. Af því leiðir að stutt er í aldursfriðun mikils fjölda steinsteypra húsa og annarra mannvirkja í þéttbýli og sveit, sem og innviða úr fjöldaframléiddum efnivið, en dæmi um slíkt eru gaddavírgirðingar í sveitum landsins.

Aldursfriðunarákvæði kom fyrst fram í þjóðminjalögum nr. 88/1989 þar sem sett var ákvæði um friðun fornleifa við 100 ára aldur. Einnig voru þar sett aldursákvæði vegna húsverndar, en hús reist fyrir 1850 og kirkjur reistar fyrir 1918 nutu aldursfriðunar. Af þeim tóku við lög um þjóðminjar nr. 107/2001 og sérstök lög um húsafriðun nr. 104/2001, en í báðum þessum lögum voru ákvæði um aldursfriðun sambærileg við þjóðminjalögin frá 1989.

Árið 2012 voru samþykkt nógildandi lög um menningarminjar nr. 80/2012, og tóku þau einnig til húsafriðunar. Gildistaka laganna var 1. janúar 2013. Í þessum lögum miðar friðun allra húsa og mannvirkja við 100 ára aldur, þó með undantekningu vegna báta og skipa en þar er miðað við árið 1950. Breytingin úr föstu ártali vegna húsafriðunar í hlaupandi ártal sem miðaði við 100 ára aldur var gerð m.a. til að samræma aldursviðmið milli húsa, mannvirkja og fornleifa.

Þrjú stig varðveislu húsa eru í lögum nr. 80/2012, en það eru:

- Friðlýsing,
- aldursfriðun við 100 ár sbr. umfjöllun hér á undan, og
- umsagnarskylda, en hún miðar við hús sem reist voru fyrir árið 1925.

Ljóst að litlu munar nú orðið á viðmiðunarári aldursfriðunar og umsagnarskyldu, en við setningu laganna munaði 13 árum.

Aldursfriðaðar fornminjar njóta 15 metra friðhelgunar.

Loks ber að geta að Húsafriðunarsjóður er starfræktur á grunni 43. gr. laga nr. 80/2012 og er hlutverk sjóðsins að stuðla að varðveislu og viðhaldi friðlýstra og friðaðra húsa og mannvirkja.

2. Hvert er úrlausnarefnið?

Úrlausnarefnið lýtur einkum að eftirfarandi þáttum og þeim áskorunum sem blasa við:

Varðveislugildi húsa og fornminja við 100 ára aldur þegar komið er fram yfir árið 1922:

Fágæti eykur varðveislugildi minja en hið gagnstæða dregur úr því. Ljóst er að hvorki er hægt né æskilegt að vernda allar menningarminjar og hús. Þörf er á faglegum rökum fyrir vernd, ekki síst í ljósi þess að byggingarefni og verkhættir breyttust allnokkuð á þriðja áratug 20. aldar.

Stjórnsýsla: Það liggur í hlutarins eðli að samfara stórauknum fjöldi fornminja, húsa og mannvirkja, sem bætast í hóp aldursfriðaðra minja ár hvert, mun álag á stjórnsýslu minjamála aukast. Slíkt gæti dregið úr getu til að fjalla á vandaðan hátt um öll mál og til lengri tíma haft neikvæð áhrif á minjar með hátt varðveislugildi sem sannarlega þarf að vernda.

Húsafriðunarsjóður: Verði mikil fjölgun á aldurfriðuðum húsum blasir við að sjóðurinn í sinni núverandi mynd muni ekki geta mætt slíkum fjölda og því einungis í færum um að styrkja lítinn hluta þeirra húsa sem njóta aldurfriðunar.

3. Að hvaða marki duga gildandi lög og reglur ekki til?

Núverandi löggjöf er orðin tíu ára gömul og það svigrúm sem var við setningu laga nr. 80/2012 á milli sjálfkrafa aldursfriðunar við 100 ár og umsagnarskyldu hefur þrengst verulega. Einnig aukast líkur á aldursfriðun húsa og fornminja með lágt varðveislugildi. |

B. Markmið

1. Stefna hins opinbera á viðkomandi málefnasviði/málaflokki

Að vernda menningararf þjóðarinnar með markvissum hætti.

2. Markmið sem að er stefnt með lagasetningu í ljósi úrlausnarefnis og stefnu stjórnvalda

Að tryggja aldursfriðun þeirra minja sem raunverulega er þörf á að njóti verndar. Að koma í veg fyrir að minjar sem ekki er þörf á né æskilegt að njóti verndar öðlist vernd eingöngu sökum aldurs.

C. Leiðir

1. Ekkert aðhafst - hvaða afleiðingar hefði það?

Án lagabreytinga munu fjöldi fornleifa öðlast aldursfriðun sem ekki er þörf á að vernda.

2. Önnur úrræði en lagasetning sem metin hafa verið

Þar sem aldursfriðunarreglan er lögbundin þarf að gera breytingar á lögum.

3. Mögulegar leiðir við lagasetningu

EKKI er talin þörf á að setja ný heildarlög um menningarminjar heldur eingöngu breyta því lagaákvæðum í gildandi lögum sem snúa að aldursfriðun fornleifa.

D. Hvaða leið er áformuð og hvers vegna?

1. Stutt lýsing á þeirri leið sem áformuð er og rökstuðningur fyrir henni

Horft er til þess að breyta aldursfriðunarákvæðinu á þann hátt að í stað þess að minjar verði friðaðar þegar þær verða 100 ára þá verði lögfest tiltekið ártal sem verði miðað við.

2. Helstu fyrirhuguðu breytingar á gildandi lögum og reglum, hvort heldur bætt er við eða fellt brott

Lögð verður til breyting á 3. gr. laga um menningarminjar, nr. 80/2012. Þá þarf að skoða hvort breyta þurfi öðrum ákvæðum laganna. |

E. Samræmi við stjórnarskrá og þjóðarétt – aðrar grundvallarspurningar

1. Koma áformin inn á svið stjórnarskrár og þjóðréttarskuldbindinga?

Nei

2. Varða áformin ákvæði EES-samningsins um ríkisaðstoð, tæknilegar reglur um vöru og fjarþjónustu eða frelsi til að veita þjónustu?

Nei.

3. Er önnur grundvallarlöggjöf sem taka þarf tillit til?

Nei. |

F. Samráð

1. Hverjir eru helstu hagsmunaaðilar?

Minjastofnun
Þjóðminjasafn Íslands
Sveitarfélög
Skipulagsstofnun

2. Er skörun við stjórnarmálefni annarra ráðuneyta?

Þjóðminjar, Viðskipta- og menningarráðuneyti (Þjóðminjasafn Íslands, byggðasöfn).
Mannvirki, innviðaráðuneyti. Manngerðir hellar flokkast auk þess sem mannvirki en eru einnig fornminjar.
Innviðir í sveit s.s. fjárgirðingar, hlaðnir veggir, matvælaráðuneyti.

3. Samráð sem þegar hefur farið fram

4. Fyrirhugað samráð

Áform um lagasetningu og mat á áhrifum verða auglýst í Samráðsgátt Stjórnvalda. Gert er ráð fyrir að sérstakt samráð verði viðhaft við þau ráðuneyti sem málið snertir þegar fyrstu drög að frumvarpi liggja fyrir. Þá verða drög að frumvarpi auglýst til kynningar á Samráðsgáttinni þegar þau liggja fyrir.

G. Mat á áhrifum þeirrar leiðar sem áformuð er

1. Niðurstaða frummats á áhrifum, sbr. fylgiskjal

Ekki er talið að samþykkt frumvarps komi til með að hafa kostnaðaráhrif á afkomu ríkissjóðs. Miðað við núverandi löggjöf mun stórauðinn fjöldi fornminja, húsa og mannvirkja bætast í hóp aldursfriðaðra minja ár hvert með tilheyrandi álagi á stjórnsýslu minjamála. Gert er ráð fyrir að með samþykkt frumvarps muni draga úr auknu álagi og útgjöldum í stjórnsýslu minjamála (Minjastofnun og Húsafriðunarsjóður) og því verði áhrifin á ríkissjóð jákvæð til lengri tíma lítið.

H. Næstu skref, innleiðing

1. Hefur verið gerð verkefnisáætlun fyrir frumvarpssmíðina?

Nei.

2. Hvernig verður staðið að innleiðingu löggjafar? Hvað má gera ráð fyrir að þeir sem verða fyrir áhrifum, opinberar stofnanir/hagsmunaaðilar/almennigur, þurfi langan tíma til undirbúnings/aðlögunar?

Ekki er talin þörf á undirbúningstíma vegna fyrirhugaðar löggjafar.

3. Hvaða forsendur þurfa að vera fyrir hendi til að lagasetning beri árangur?

Á ekki við.

4. Mælikvarðar á árangur og útkomu

Á ekki við.

5. Hefur verið hugað að því að afla gagna til að meta árangur þegar þar að kemur?

Á ekki við.

I. Annað

J. Fylgiskjöl

1. Mat á áhrifum lagasetningar – Frummat, sbr. eyðublað

2. Önnur fylgiskjöl eftir atvikum